

Ed.

1039. Frumvarp til laga

[82. mál]

um Ríkismat sjávarafurða.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. maí.)

Samhljóða þskj. 799 með þessum breytingum:

16. gr. hljóðar svo:

Ríkismat sjávarafurða hefur heimild til að stöðva vinnslu fisks og enn fremur pökkun og útflutning ef þrif og búnaður vinnslustöðva eða flutningstækja, gæði afurða, merking þeirra, umbúðir og frágangur er ekki í samræmi við reglur sem settar eru samkvæmt lögum þessum. Starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða ber þegar í stað að tilkynna yfirmönnum sínum um stöðvun samkvæmt þessari grein.

Reynist nauðsynlegt að stöðva vinnslu eða pökkun á fiskafurðum ber Ríkismati sjávarafurða að úrskurða á hvern hátt hagnýta megi afurðirnar og hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til þess að vinnsla, pökkun og útflutningur megi hefjast að nýju.

Ríkismati sjávarafurða er heimilt að svipta framleiðanda vinnsluleyfi sýni hann vítaverða meðferð á hráefni eða komi alvarlegir gallar í ljós í afurðum hans. Verði meiri háttar mistök í meðferð sjávarafla og/eða framleiðslu sjávarafurða skal Ríkismat sjávarafurða framkvæma ítarlega rannsókn á orsökum þess og gefa sjávarútvegsráðherra og fiskmatsráði skriflega skýrslu um tildrög og orsakir mistakanna.

Ráðuneytið setur nánari reglur um skilyrði fyrir sviptingu og endurveitingu vinnsluleyfis.

18. gr. hljóðar svo:

Útflytjendum sjávarafurða er skylt að hafa starfandi eftirlitsmenn á sínum vegum, sem jafnframt séu löggiltir matsmenn. Eftirlitsmenn þessir skulu sérstaklega kynna framleiðendum, verkstjórum þeirra, matsmönnum, eftirlitsfólki og starfsfólki, eftir því sem við á hverju sinni, kröfur erlendra viðskiptaaðila.

Eftirlitsmenn skulu vinna að samræmingu mats og eftirlits ásamt yfirfiskmatsmönnum og fylgjast með yfirmati á afurðum áður en útskipun fer fram.

Útflytjendum sjávarafurða, sem ekki hafa í þjónustu sinni löggilta eftirlitsmenn, er skylt að kaupa þessa þjónustu af aðilum, sem Ríkismat sjávarafurða samþykkir.